

Ungmennaráð 1.02.2023

Fundað í stjórnsýsluhúsinu á Húsavík

Mætt eru: Bergdís, Lilja Mist, Hjördís, Friðrika

Kjartan Páll Þórarinnsson – íþróttar og tómstundafulltrúi

1. Kattahald á Húsavík

- Inngangur – Ungmennaráð ræddi um kattamál á Húsavík.
- Bókun fundar – Ungmennaráði finnst megi banna lausagöngu katta. Lilja hefur ekki mikla skoðun á málinu.

2. Samvinna Völsungs og sveitarfélags að sjá um völl og vallarhús

- Inngangur – Ungmennaráð ræðir um hvernig samvinna Völsungs og sveitarfélags um völl og vallarhús hefur gengið og hvað megi breyta og bæta í þeirri vinnu.
- Bókun – Bergdís finnst að umgengni gæti farið betur og að notendur vallarhússins gætu borið meiri virðingu fyrir húsinu. Mikið plássleysi sé í húsinu og þá sérstaklega yfir sumartíman þrátt fyrir að meistaraflokkur karla sé hættur að nota klefann í húsinu. Við getum ekki boðið gestaliðum upp á þessa aðstöðu.

Ungmennaráð er sammála þessu og vill að málið verði skoðað.

3. Frístund og félagsheimili

- Inngangur – Ungmennaráð fjallar um fyrirhugaða viðbyggingu við íþróttahöll fyrir frístund og félagsstarf.
- Bókun – Ungmennaráði finnst fyrirhuguð viðbygging ekki vera góð hugmynd fyrir frístundar- og félagsstarf. Okkur finnst að ef byggja á við íþróttahúsið að það sé gert til að bæta íþróttarstarf og starfsemi innan hallarinnar. Íþróttahöllin þarfnast verulegs viðhalds sem ætti að gerast áður en farið er að byggja við húsið. Ungmennaráði finnst að byggja eigi sér húsnæði fyrir frístund eða að byggja við húsnæði Borgarhólsskóla þar sem frístund nýtir þá aðstöðu.

4. Ungmennahús

- Inngangur – Ungmennaráð ræðir um félagsaðstöðu fyrir aldraða sem og yngri.
- Bókun – Ungmennaráði fyndist gaman ef hægt væri að byggja ungmennahús í framtíðinni.

5. Fyrirlestrar og fræðsla

- Inngangur – Ungmennaráð ræðir um fyrirlestra og fræðslu fyrir ungt fólkþ
- Bókun – Ungmennaráð hefur mikinn áhuga á því að fá fræðslu sem höfðar til ungs fólks. Viljum fá Dögg Stefánsdóttur til að hafa fyrirlestur fyrir krakka í 10. bekk og í framhaldsskólanum.

6. Mærudagar

- Inngangur- Ungmennaráð ræðir tímasetningu Mærudaga.
- Bókun- Ungmennaráð telur að bæjarbúum þyki mjög vænt um hátíðina. Ungmennaráð mun fylgjast áfram með umræðu um hátíðina.

7. Erasmus kynning fyrir ungmennaráð

- Inngangur- Ungmennaráð ræðir um kynningu frá Erasmus.
- Bókun- Ungmennaráð felur formanni ungmennaráðs ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa að fá kynningu frá Erasmus og kynna fyrir ungmennaráði á næsta fundi.